



Þríhyrningseitingaleikur

5-10 mín.

Mikið fjör og átök. Leikum af ákafa en alltaf öruggt.

Yfirlit:

Þrír haldast í hendur og sá fjórði reynir að ná einum þeirra á meðan þeir tveir sem eftir eru varna því.

Hvað þarftu:

A.m.k. fjóra og opið svæði (afmarkið svæði svo leikurinn breytist ekki í víðavangshlaup)

Hvað á að gera:

Biðjið þátttakendur að koma sér í fjögurra manna hópa. Þrír þeirra eiga að haldast í hendur. Einn meðlimur þríhyrningsins er sá sem á að ná en hinir tveir eiga að vernda hann og passa. Fjórði þátttakandinn “er’ann” og á að klukka þann sem á að ná. Er’ann má hlaupa í kringum eða komast inn fyrir þríhyrninginn en má ekki viljandi reyna að rjúfa handagrip þríhyrningsins. Þríhyrningurinn má dansa um svæðið og forða sínum manni frá að vera klukkaður. Látið þátttakendur skipta um hlutverk á 60 sekúndna fresti eða þegar einhver er klukkaður.